

AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005 - 2017 FLÓAHVERFI

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi

Skipulagslýsing

18. október 2018



Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí



EFNISYFIRLIT

1	Yfirlit	3
2	Forsendur	3
	2.1 Ákvæði Aðalskipulags Akraness 2005-2017	3
	2.2 Gildandi deiliskipulag	4
3	Viðfangsefni	4
	3.1 Breyting á aðalskipulagi	4
	3.2 Breyting á deiliskipulagi.....	5
4	Mat á umhverfisáhrifum	6
5	Skipulagsferli	6
	5.1 Lýsing.....	6
	5.2 Umsagnaraðilar	6
	5.3 Auglýsing tillagna og afgreiðsla	6
	5.3.1 Kynning og auglýsing	6
	5.3.2 Staðfesting og gildistaka	7
	5.4 Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu	7

1 YFIRLIT

Bæjarstjórn Akraness áformar breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 í Flóahverfi norðan Þjóðveggar. Unnið er að endurskoðun deiliskipulags hverfisins. Breytingin mun felast stækkun hverfisins til suðausturs og breytingu á skjólbeltum umhverfis svæðið. Ekki verður um að ræða grundvallarbreytingu á landnotkun.

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fyrirhugaðri endurskoðun deiliskipulags Flóahverfis (samþ. 23. október 2007) sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Í lýsingu koma fram upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.


Með framlagningu og kynningu lýsingar í upphafi verks er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við skipulagsvinnuna áður en gengið verður frá breytingartillögum til afgreiðslu og auglýsingar.

2 FORSENDUR

2.1 ÁKVÆÐI AÐALSKIPULAGS AKRANESS 2005-2017

Breytingin mun eiga við suðurhluta Flóahverfis, athafnasvæði A11 í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017. Einnig verður breytt afmörkun skjólbelta umhverfis svæðið, svæðum O11. Um svæðin gilda eftirtalin skipulagsákvæði:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
A11	16,5	Nýtt athafnasvæði norðan Þjóðveggar	Óbyggt og óskipulagt	Vinna skal deiliskipulag svæðisins. N: 0,5 – 0,7
O11		Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.



Mynd 1: Aðalskipulag Akraness 2005-2017.

2.2 GILDANDI DEILISKIPULAG

Í gildi er deiliskipulag, sem upphaflega var samþykkt af bæjarstjórn 23. október 2007. Deiliskipulagið var unnið af Plan 21 ehf, Ólöfu Guðnýju Valdemarsdóttur arkitekt faí.



Mynd 2: Gildandi deiliskipulag Flóahverfis.

3 VIÐFANGSEFNI


3.1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 mun felast í eftirtöldum atriðum:

- Landnotkunarreitir A11 er stækkaður til suðausturs um 3,5 hektara.
- Gróðurbeltum umhverfissvæðið er breytt til samræmis. Gert verður ráð fyrir skjólbelti norðvestan svæðisins milli þess og Akrafjallsvegur (51).
- Sýndar verða tengingar svæðisins við megingatnakerfi og tenging við iðnaðarsvæði I5.

Drög að breyttum ákvæðum (breytingar í skilmálatöflum í viðkomandi köflum greinargerðar):


Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
A11	20	Flóahverfi, athafnasvæði	Deiliskipulag í gildi. Gatnagerð hafin. Óbyggt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall verður ákveðið í deiliskipulagi.
O11	5,7	Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.



Mynd 3: Drög að breyttu aðalskipulagi.

3.2 BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Unnið er að endurskoðun deiliskipulagsins. Stefnt er að því að gatnakerfi verði nýtt betur þannig að lóðir verði beggja vegna við allar húsagötur. Einnig verður gert ráð fyrir minni lóðum en nú er en þess í stað sett ákvæði um mögulega sameiningu lóða ef þörf verður fyrir stórar athafnalóðir. Unnið verður áfram með meginlínur gildandi deiliskipulags að öðru leyti.



Mynd 4: Drög að breyttu deiliskipulagi.

Í drögum að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að götunni Garðaflóa verði hliðrað um 80 m til suðausturs. Við það bætist við ein lóðaröð og lóðir verða beggja vegna götunnar. Einnig er lagt til að stórum lóðum í fyrsta áfanga við Lækjaflóa verði skipt upp í minni lóðir.

4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Skipulagsbreytingarnar eru ekki háðar lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í þeim er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000.

Svæðið er raskað og snertir breyting á skilmálum aðalskipulags og breyting á deiliskipulagi hvorki sérstæðar náttúruuminjar né sérstök vistkerfi. Garðaflói var ræstur fram og ræktaður fyrir miðja 20. öld. Svæðið er ekki nýtt til landbúnaðar lengur. Í aðalskrá fornleifa, sem unnin var á árunum 1997-1999 er engin minjastaður á skipulagssvæðinu eða nálægt því. Ólíklegt er að fornleifar sé að finna á framkvæmdasvæðinu.

5 SKIPULAGSFERLI

Farið verður með breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

5.1 LÝSING

Með framlagningu og kynningu lýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi áður en gengið verður frá skipulagstillögum og þær auglýstar.


5.2 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands, minjavörðurinn á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Orkuveita Reykjavíkur/Veitur ohf.

5.3 AUGLÝSING TILLAGNA OG AFGREIÐSLA

5.3.1 KYNNING OG AUGLÝSING

Eftir að umhverfis- og skipulagsráð og bæjarstjórn hafa afgreitt skipulagstillögurnar til auglýsingar verður tillaga að aðalskipulagsbreytingu send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Að þeirri yfirferð lokinni og að teknu tilliti til ábendinga stofnunarinnar, ef ástæða þykir til, verða tillögurnar auglýstar. Stefnt er að auglýsingu í desember 2018. Auglýsingatími og athugasemdafrestur verður 6 vikur. Að því loknu gengur umhverfis- og skipulagsráð frá skipulagstillögnum til bæjarstjórnar til samþykktar. Ef athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillagnanna skulu þær auglýstar að nýju.



Mynd 5: Tímaáætlun.

5.3.2 STAÐFESTING OG GILDISTAKA

Eftir samþykkt bæjarstjórnar verður aðalskipulagsbreytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar og auglýsir stofnunin gildistöku hennar. Gildistaka deiliskipulagsins verður auglýst þegar breyting á aðalskipulagi hefur verið staðfest. Stefnt er að gildistöku í febrúar 2019.

5.4 SKIL ÁBENDINGA OG ATHUGASEMDA VIÐ LÝSINGU

Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef Akraneskaupstaðar <http://www.akranes.is/> og verða aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Stillholti 16-18. Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar. Þær skulu vera skriflegar og sendar á þjónustuver Akraneskaupstaðar Stillholti 16-18 eða á netfangið skipulag@akranes.is, merkt **Flóahverfi – skipulag**. Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Akraneskaupstaðar.